Reykjanesbær 28. janúar 2020

# Fundargerð

137. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12 28.janúar 2020, kl. 16:00

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir, formaður, Jóhann Birnir Guðmundsson, Jón Haukur Hafsteinsson, Jóhannes Albert Kristbjörnsson, Birgir Már Bragason, Guðbergur Reynisson formaður ÍRB, Helgi Arnarson sviðsstjóri Fræðslusviðs og Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

**1. Styrkbeiðni vegna 30 ára afmælis Nettómótsins (2019100392)**

Erindið var tekið fyrir á 135. fundi íþrótta- og tómstundaráðs og þar tók ráðið jákvætt í erindið og vísaði til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir 2020.

Samþykkt að veita 500.000 kr. í 30 ára afmælisgjöf Nettómótsins. Íþrótta- og tómstundafulltrúa falið að vinna málið áfram.

**2. Sundráð ÍRB styrkbeiðni (2020010206)**

Sundráð ÍRB sækir um styrk til að standa undir æfingaferð þriggja sundmanna sem eru að undirbúa sig undir stórmót.

ÍT ráð getur ekki orðið við erindinu þar sem æfingaferðir falla ekki undir reglur sjóðsins.

**3. Samningur um rekstur íþróttasvæða við stjórn Knattspyrnudeild Keflavíkur 2020 (2020010207)**

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

**4. Samningur um rekstur íþróttasvæða við knattspyrnudeild UMFN 2020 (2020010208)**

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

**5. Samningur við Hestamannafélagið Mána og skýrsla barnastarfs 2019 (2020010211)**

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar Hestmannafélaginu Mána fyrir greinargóða skýrslu.

JBG
E.S. BMB
JAK
JHH

**6. Samningur við ÍRB um greiðsluþátttöku vegna íþróttaþjálfunar barna og ungmenna 2020 (2020010213)**

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

**7. Umsókn í Forvarnarsjóð (2020010022)**

Íþrótta- og tómstundaráð samþykkir að styrkja erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00

Eva Stefánsd.
Jón Haukur Hafsteinsson
Birgir M. Bragason